




## Umsókn um framkvæmdaleyfi -Krókeyri, endurgerð götu og stígar



Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Akureyrarbæjar skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/210, vegna framkvæmda samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Verkið snýst um að endurgera Krókeyri, gerð stíga, loka gömlu innkeyrslunni inn á Krókeyri frá Drottningarbraut ásamt yfirborðsfrágangi. Verkið var kynnt í skipulagsráði 26. Febrúar 2020. Gerðar voru í framhaldinu breytingar á hönnuninni þar sem götunni var breytt í 30km/klst götu.

Jarðvegsskipta þarf um helming götunnar en umfang þess ræðst af aðstæðum á hverjum stað. Leggja þarf lagnir og niðurföll. Fjarlægja eldri ljósastaura og leggja ljósastrengi. Umhverfismiðstöðin malbikar, en verktaki þarf að undirbúa undir malbik. Einnig þarf að setja festingar fyrir umferðarskilti, helluleggja, gróðursetja, sá og þökuleggja. Allar lokanir á svæðinu þarf að gera í samráði við þá starfsemi sem þar er. Helmingur uppgrafins efnis verður nýtt á staðnum en hinn helmingurinn fer á viðurkenndan losunarstað við Golfvöllinn. Annað efni, s.s. burðarlagsefni kemur úr viðurkenndum námum í Eyjafirði. Stefnt er að framkvæmdir hefjist haustið 2020. Líklega verður yfirborðsfrágangur ekki unninn fyrr en vorið 2021.

Framkvæmdin telst ekki matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Með umsókninni fylgja teikningar úr útboðsgögnum sem gefa góða yfirsýn á fyrirhuguðum framkvæmdum.

Virðingarfyllst,

Sara Ómarsdóttir

Sara Ómarsdóttir

